

"Tilmæli" Hagsmunasamtaka heimilanna til lántaka vegna dóma Hæstaréttar um ólögmati gengistryggingar



Í dómum Hæstaréttar í málum nr. 92/2010 og 153/2010 er skýrt kveðið á um að óheimilt sé að tengja lánasamninga í íslensku krónum við dagsgengi erlendra gjaldmiðla. Hagsmunasamtök heimilanna ásamt þorra löglærðra manna telja skýrt kveðið á um í dómunum, að lánasamningar þessir skulu standa óbreyttir að öðru leyti, þar með talin vaxtakjör og lánstími. Lánveitanda ber auk þess að endurgreiða lántaka það sem ofgreitt hefur verið.

Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlit hafa gefið út tilmæli til fjármálafyrirtækja um að nota skuli vexti Seðlabankans í stað samningsbundinna vaxta. Hagsmunasamtök heimilanna telja þau tilmæli stangast á við lög nr. 38/2001 um vexti og verðbætur, 36. gr. laga nr. 7/1936, samningalaga, og neytendaverndartilskipun Evrópusambandsins 93/13/EBE, auk mögulega fleiri laga og hugsanlega stjórnarskrá Íslands. Tilmælin eru því að mati samtakanna hvatning til lögbrota. Einnig eru tilmælin gróf íhlutun í dóma Hæstaréttar og færa má rök fyrir því að með þessu hafi Seðlabanki og FME tekið sér dómvald, framkvæmdarvald og löggjafarvald. Benda má á að almennt eru tilmæli FME (svo kölluð leiðbeinandi tilmæli) skuldbindandi fyrir eftirlitsskylda aðila og því líklegt að öll fjármálafyrirtæki styðjist við atriði tilmælanna.

Af þessu tilefni vilja Hagsmunasamtök heimilanna gefa eftirfarandi "tilmæli" til lántaka. Lántökum er í sjálfsvald sett hvort þeir fylgja þessum tilmælum, en það er mat samtakanna að tilmælin séu í samræmi við dóma Hæstaréttar, þar sem það á við, og framangreind lög og tilskipun.

1. Tilmælin taka til:

- Allra lánasamninga/fjármögnunarleigusamninga með höfuðstól í íslenskum krónum og gengisviðmið í samningsákvæðum;
- Allra lánasamninga/fjármögnunarleigusamninga þar sem sótt var um upphæð í íslenskum krónum með gengisviðmiði, þó svo að höfuðstóll hafi verið tilgreindur í erlendum gjaldeyri, þar sem ljóst er að lántaki hafi ekki haft neitt með það að segja hvernig lánið var sett upp.

2. Lántakar skulu ekki greiða greiðsluseðla eða innheimtukröfur fjármálafyrirtækja sem bera aðra vexti en koma fram í lánasamningi, þ.e. LIBOR-vexti ásamt umsömdu vaxtaálagi. Höfuðstólsafborgun skal auk þess miða við greiðslu, eins og lánið hafi aldrei verið gengistryggt.

3. Í staðinn skulu lántakar gera eitt af eftirfarandi:

- Greiða eingöngu í samræmi við upprunalega greiðsluáætlun með gildandi LIBOR-vöxtum og vaxtaálagi, enda sé höfuðstólsafborgunin ekki gengistryggt.
- Deponera fyrir greiðslunni inn á bundinn reikning í samræmi við reglur um deponeringu og láta lánveitanda vita af þeirri aðgerð með skriflegum hætti.
- Ekki greiða neitt, en láta lánveitanda vita hvers vegna ekki er greitt, þ.e. að lántaki viðurkenni ekki greiðslukröfuna eins og hún var send honum, t.d. vegna þess að vextir séu rangir, afborgunin rangt reiknuð eða að lántaki telur sig þegar búinn að greiða lánið að fullu.

4. Lántakar skulu tilkynna lánveitanda allar aðgerðir sínar með skriflegum hætti. Best er að gera það með því að fara á starfsstöð lánveitanda með í tveimur eintökum bréf þar sem lýst viðbrögðum lántakans. Afhendið bréfið starfsmanni sem hefur til þess forræði og látið viðkomandi stimpla og kvitta fyrir móttöku á bæði eintökun. Haldið öðru eintakinu fyrir ykkur. Gætið þess að nafn viðkomandi og staða komi greinilega fram á ykkar eintaki. Tilgangurinn með þessu er að tryggja rekjanleika aðgerða og að lánveitandinn geti ekki síðar neitað því að hafa móttekið bréfið.

Nota má eftirfarandi fyrirmynd af bréfinu:

<Nafn lánveitanda>
<Heimilisfang>
<Staður>
<Staður og dagsetning>

Undirrituð/aður _____ kt. _____, greiðandi láns nr. _____
mótmæli þeirri kröfu sem kemur fram á heimsendum greiðsluseðli/kröfu í heimabanka.

Tel ég kröfuna ekki vera í samræmi við dóma Hæstaréttar nr. 92/2010 og 153/2010.

Hef ég því ákveðið að:

___ Greiða eingöngu í samræmi við upprunalega greiðsluáætlun og þá vexti sem samningurinn tilgreinir að því gefnu að besti mögulegi réttur lántaka sé virtur í hvívetna.

___ Leggja til hliðar fyrir greiðslu samkvæmt greiðsluáætlun inn á reikning nr. _____ - _____ hjá <nafn innlánsstofnunar> (reikningurinn er á kennitölu lántaka).

___ Ekki greiða neitt, enda tel ég mig ekki geta reiknað út hve mikið ég á að greiða út frá fyrirliggjandi gögnum.

___ Ekki greiða neitt, enda tel ég mig vera búin(n) nú þegar að greiða hærri upphæð en nemur heildargreiðslu samkvæmt greiðsluáætlun.

Vil ég hér með tilkynna fyrirtækinu þessa ákvörðun mína og jafnframt gefa því kost á að leiðrétta útreikning sinn á kröfunni, sem ég kýs að bregðast við með ofan greindum hætti, eða koma með andmæli við ákvörðun minni.

Berist mér ekki skriflegt svar frá fyrirtækinu innan 20 daga, þá lít ég svo á að fyrirtækið hafi fallist á málsmeðferð mína og mun ég hér eftir nota hana vegna þessa láns.

Virðingarfyllst
<Undirskrift>
<Nafn>
<Heimilisfang>

Lántaki noti einn af liðunum fjórum í bréf sitt eða merki með x fyrir framan þann lið sem við á.

5. Hagsmunasamtök heimilanna beina því til lántaka að halda þessari aðferð, þ.e. sem lýst er í lið 4, þar til eitt af eftirfarandi gerist:

- niðurstaða fæst í fordæmisgefandi dómsmáli sem fjármálastofnun höfðar til að útkljá ágreining um innheimtu/uppgjör lánanna;
- samkomulag hefur tekist um almenna lausn á innheimtu/uppgjöri lánanna;
- gerðardómur hefur fallið um úrlausn ágreinings,
- samkomulag hefur tekist milli lántaka (eins eða fleiri) og fjármálafyrirtækis innheimtu /uppgjör lánanna.

6. Lántakar hugi að skaða eða tjóni, sem þeir hafa orðið fyrir og þeir telja að rekja megi til hinnar ólöglegu gengistryggingar. Atriði sem kynna að hafa valdið skaða eða tjóni geta t.d. verið en eru ekki takmörkuð við: dráttarvextir, vanskilagjöld, vörslusvipting, nauðungarsala, fjárnám, tapaðar vinnustundir sem farið hafa í að standa á rétti sínum, viðbótarlántaka og kostnaður af slíkum lánnum m.a. yfirdráttarvextir, heilsutjón, hækkun byggingarkostnaðar, sölutregða m.a. vegna of hárrar skuldsetningar, ferðakostnaður til að hitta talsmenn fjármálafyrirtækja, lögfræðikostnaður, o.s.frv.

Þó svo að lántaki hyggi ekki í brád að sækja skaðabætur vegna þessa, þá er aldrei að vita hvenær slíkar upplýsingar koma að notum.

7. Loks vilja Hagsmunasamtök heimilanna hvetja lántaka til að halda vel utan um öll samskipti sín við lánveitendur og opinbera aðila vegna lána sinna eða greiðsluvanda sem upp hefur komið. Tilgangurinn er rekjanleiki aðgerða sem hægt væri að nota fyrir dómi eða í samningum við lánveitendur.

Stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna
2. júlí 2010